



# Upplýsingar um félagsheimilið Kirkjuhvol

**Kirkjuhvoll er félagsheimili staðsett á Kirkjubæjarklaustri í sveitarfélaginu Skaftárhreppi. Kirkjuhvoll er í miðju þéttbýlina á Kirkjubæjarklaustri. Félagsheimilið er í 100% eigu Skaftárhrepps. Félagsheimilið er með gilt starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.**

Kirkjuhvoll hefur verið rekið í formi félagsheimilis allt frá vísu þess og þannig leigt út fyrir skemmtanir og viðburði af ýmsu tagi. Má þar nefna einkasamkvæmi, þorablót, fundi, námskeið og verkefni á borð við kvikmyndatök. Á jarðhæð hússins er að finna salerni, fatahengi, eldhús, stóran sal með sviði, minni sal, bar og geymslur. Á efrihæð er stór salur og þrjú herbergi. Í kjallara er salerni og herbergi. Félagsheimilið hefur ekki verið auglýst sérstaklega til útleigu heldur aðeins staðið til boða. Mesta notkun á Kirkjuhvoli hefur verið fyrir fundarhöld yfir vetrartímann, annars fyrir viðburði og einkasamkvæmi yfir sumartímann.

## HLUTVERK REKSTRARAÐILA

- Rekstraraðili hefði nokkuð frjálsar hendur með framsetningu og áherslu í rekstri, þó er gerð krafa um að rekstur kalli ekki á óafturkræfar breytingar á húsnæðinu. Að öðru leyti er viðkomandi heimilt að selja þá þjónustu sem hann telur þjóna tilgangi og ímynd Kirkjuhvols.
- Þá bæri rekstraraðila að sjá um allt umhverfi, slátt og almenn þrif og sorpmál. Jafnframt skal rekstraraðili sjá til þess að koma upplýsingum um meiriháttar viðhaldsþörf á lóð og húseignum til sveitarfélagsins. Rekstraraðili skal sjá um allt daglegt og minniháttar viðhald.
- Rekstraraðili sér alfarið sjálfur um samskipti við viðskiptavinum, starfsmannamál og allt annað sem við kemur rekstri hans á Kirkjuhvoli. Hann ber kostnað af almennum rekstri, markaðssetningu, síma, nettengingu, vöktun húsnæðis, rafmagni og húshitun.
- Rekstraraðili sér um að skrásetja gestafjölda yfir árið, sem og þjófðerni og ber að skila þeim upplýsingum ef kallað er eftir þeim.
- Rekstraraðili skal funda tvisvar á ári með sveitarstjóra Skaftárhrepps, varðandi reksturinn og skila skýrslu árlega með uppgjöri rekstrar, sem afgjald byggir á. Skal því skila eigi síðar en í febrúar fyrir undangengið ár.
- Rekstraraðili sér um og ber ábyrgð á að öll sú starfsemi sem fer fram í Kirkjuhvoli, hafi tilskilin leyfi og sé háttáð samkvæmt lögum.
- Félagsheimilið yrði leigt út með þeim búnaði og húsgögnum sem verða tiltekin í fylgiskjali með samningi við rekstraraðila. Krafa er gerð um að búnaði og húsgögnum sé skilað í sama ástandi og við upphaf leigusamnings.
- Ímynd staðarins á að vera þannig að sómi sé af og mikilvægt er að hafa þetta í huga þegar stefna er tekin varðandi rekstur og þjónustu í Kirkjuhvoli.
- Þá er stefnt að því að reksturinn í Kirkjuhvoli verði starfandi allt árið og skerðingu á opnunartíma haldið í lágmarki til að hefð skapist fyrir opnun og að gestir geti gengið að því vísu að nálgast það sem er þar í boði á ferð sinni.

## HLUTVERK SKAFTÁRHREPPS

- Ganga þarf til samninga um leiguverð/afgjöld til Skaftárhrepps eftir því hvers eðlis tilvonandi rekstur er.
- Skaftárhreppur sér til þess að húsakosti og lóð sé vel við haldið, sé samkvæmt kröfum um hollustuhætti, öryggisreglur og aðgengi. Skaftárhreppur greiðir fasteignargjöld af félagsheimilinu.
- Skaftárhreppur stefnir að því að bera ekki kostnað af þeim rekstri sem myndast í Kirkjuhvoli.
- Samið er til 3 ára, með möguleika á framlengingu tvisvar sinnum í 1 ár hvert sinn.